

## **167. Þingflokksfundur, miðvikudaginn 25. maí 2016 kl. 13.**

Fundinn sitja: Aðalheiður, Ásta, Birgitta og Helgi Hrafn.  
Berglind Rósa ritar fundargerð.

### **1. Fundargerð**

Fundargerð 166. þingflokksfundar var samþykkt með breytingu.

### **2. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag. Ásta tekur þátt í sérstökum umræðum um kampavínsklúbba.

### **3. Óundirbúnað á morgun**

Þingflokkurinn ræddi stuttlega um óundirbúnað fyrirspurnir á morgun.

### **4. Bréf úr nefndum**

Helgi Hrafn brífaði úr allsherjar- og menntamálanefnd og gerði grein fyrir frumvörpum um sjálfstætt rekna grunnskóla, eftirlit með starfsemi lögreglunnar, stuðning við tónlistarnám og útlendingalög. Birgitta gerði grein fyrir ályktun Alþingis og rannsókn á einkavæðingu bankanna sem var til umfjöllunar á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar.

### **5. Þingmál**

Þingflokkurinn fór yfir þingmál flokksins og ræddi hvaða mál væri brýnast að mæla fyrir.

### **6. Útlendingalög**

Helgi gerir efnislega grein fyrir málinu við tækifæri.

### **7. Afstaða til nýs EES-máls (persónuvernd og gagnaöryggi)**

Dagskrárlið frestað.

### **8. Svar við fyrirspurn um nethlutleysi**

Aðalheiður vakti athygli á að svar við fyrirspurn Ástu um stöðu nethlutleysis hjá íslenskum fjarskiptafyrirtækjum sé komið fram.

### **9. Fundur með framkvæmdastjóra Pírata**

Ákveðið að bjóða nýjum framkvæmdastjóra Pírata á fund þingflokksins mánudaginn 30. maí kl. 10. Ásta hefur samband.

### **10. Starfsmannamál**

Rætt var um starfsmannamál þingflokksins.

### **11. Önnur mál**

Þingflokkurinn ræddi um eldhúsdagsumræður sem verða haldnar nk. mánudag. Ákveðið var að Helgi muni halda fyrstu ræðu, síðan Ásta og að lokum Birgitta. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.25